




Foreldrafélag Njarðvíkurskóla ásamt nemendum og kennurum stóðu að sýningu á sal skólans mánudaginn 12. nóvember. Sýningin bar yfirskriftina „Við öll í Njarðvíkurskóla, Fjölmening“. Á sýningunni voru sýnd verk og munir sem tengjast 17 löndum sem börn í skólanum eiga rætur til. Boðið var upp á rétti frá Nígeríu og Indónesíu og hið sívinsæla pólska Prins Póló.

Ungt fólk 2007

Niðurstöður rannsóknar sem Rannsóknir & greining, menntamálaráðuneytið og Lýðheilsudeild HR gerðu um líðan og hagi barna og ungmenna hér á landi voru kynntar nú fyrir stuttu. Könnunin var lögð fyrir aldurshópinn 10-13 ára og var heildarfjöldi svarenda 10.829 eða 82% allra skráðra nemenda í 5. og 7. bekk. Margar áhugaverðar niðurstöður komu í ljós og er hægt að kynna sér skýrsluna í heild á vef menntamálaráðuneytisins http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/ungt_folk_2007.pdf

Ef strítt, þá hvar.	5. bekkur		6. bekkur		7. bekkur	
	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)
Í frímínútum á skólalóðinni	38 (649)	28,2 (479)	29,1 (505)	24,7 (413)	20,8 (373)	15,7 (279)
Á göngunum	11,7 (199)	8,4 (142)	9,9 (172)	9,1 (152)	12,5 (224)	9,7 (172)

Margir áhrifaþættir á líðan barna í skólum liggja utan kennslustunda og í ljós kom að einelti og stríðni fer aðallega fram í frímínútum og á göngum skólans. Meirihluti nemenda segir að þeir hafi ekki upplifað stríðni og þannig segiast um 60% nemenda í 5. bekk, 64% í 6. bekk og 72% nemenda í 7. bekk að slíkt hafi aldrei gerst hjá þeim í vetur. Engu að síður sýna þessar sömu niðurstöður að 102 fimmtubekkingar, 110 sjöttubekkingar og 68 sjöundubekkingar hafi upplifað slíkt oft.



Þessi mynd sýnir jafnframt að í flestum tilfellum má greina hlutfallslega aukningu á stríðni í frímínútum á skólalóðinni milli árunna 2005 og 2007.


NETSVAR

saft.is/netsvar

Á heimasíðu SAFT verkefnisins er búið að opna síðu sem kallast Netsvar. Síðunni er ætlað vera lifandi vefur þar sem almenningi gefst kostur á að senda inn fyrirspurnir um hvaðeina sem tengist öryggri netnotkun og fá svör frá sérfræðingum.

Tilkoma aukinnar tölvu- og samskiptatækni hefur haft áhrif á heimili og vinnustaði í landinu. Börn og unglingar spjalla við vini sína á msn, halda úti blogg síðum og spila gagnvirka tölvuleiki við fólk út um allan heim. Oft eru þau mun þjálfaðri í þessari tækni en foreldrar þeirra sem eiga því erfðara með að fylgjast með hvað börnin eru að gera á Netinu. Samkvæmt foreldrakönnun SAFT telja 66% foreldra að þeir þurfi frekari upplýsingar um öryggi á Netinu.

Netsvar er samvinnuverkefni Heimilis og skóla, Póst- og fjarskiptastofnunar og Barnaheilla. Netsvari er ætlað að gefa fólki kost á að leita sér upplýsinga varðandi Netið á einfaldan hátt og jafnframt stuðla að jákvæðri og ánægjulegri netnotkun.



Virðing og umhyggja. Ákall 21. aldar

Heimili og skóli – landssamtök foreldra vekja athygli á nýttkominni bók eftir Sigrúnu Aðalbjarnardóttur prófessor við Háskóla Íslands. Bókin, sem ber yfirskriftina *Virðing og umhyggja. Ákall 21. aldar*, er dýrmætt framlag til uppeldis- og menntamála á Íslandi.

Á áhugaverðri ráðstefnu, sem haldin var í tilefni af útkomu bókarinnar, var áhersla lögð á hve brýnt sé að rækta mikilvæg gildi í samskiptum fólks: virðingu og umhyggju, vináttu og kærleika, réttlæti og umburðarlyndi. En það er einmitt viðfangsefni bókarinnar. Megináhersla er á hversu mikilvægt sé að efla samskiptahæfni og siðferðiskennd barna og unglunga og leggja grunninn að fjölmenningslegri hæfni þeirra og lýðræðislegri borgaravitund. Við hjá samtökunum fáum inn á borð til okkar ábendingar um virðingarleysi og skort á umhyggju í samfélaginu. Viðfangsefnið snertir okkur öll, jafnt foreldra og aðra ættingja sem þær fagstéttir sem annast uppeldi og menntun barna og unglunga og hlúa að heilbrigði þeirra og farsæld.